

Samfélagsgreinar 10. bekkur

Kennarar: Einar Daði Reynisson; Helga Björg Flóventsdóttir

Skólaárið

2024-2025

Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur ætlum við að samþætta kennslu í íslensku og samfélagsgreinum og verður áherslan á þjóðfélagsfæði og landaverkefni.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Í þjóðfélagsfræðinni er farið í samfélagsgerð, stjórnsýslu og alþjóðasamfélagið. Nemendur vinna verkefni tengd hugtökum, svara spurningum og taka þátt í umræðum. Vinna verkefni tengt frumbyggjum og læra hvernig er að vera þjóðfélagsþegn í lýðræðislegu samfélagi.

Nemendur vinna viðamikil landaverkefni sem felur í sér að nemendur vinna í hópum og búa til land frá grunni og eiga að setja inn alla þá lýðræðislegu þætti sem eru í nútíma samfélagi. Einnig þarf að setja inn helstu náttúruferla sem eiga við landið miðað við staðsetningu t.d. eldgos og jarðskjálftar. Gera þarf grein fyrir sögu landsins út frá þeirri heimsálfu sem landið er í og hlutverk þess í alþjóðasamfélaginu.

Námsaðlögun

Námsefnið verður aðlagð sem best að þörfum hvers og eins og komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Námsmat

Verkefni, próf, sjálfsmat og jafningjamat.

Námsgögn

Á ferð um samfélagið og ýmiss verkefni frá kennara.

AS Samfélagsgreinar 10. bekkur 2019 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirætlunum og nýtt tímann vel
- axlað ábyrgð á náminu og gefa góðan vinnufrið
- átt í góðum samskiptum við aðra

AS Samfélagsgreinar 10. bekkur 2019 - 2025 - Reynsluheimur

- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti og jöfnuð
- greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum
- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum
- sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn
- gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta
- fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni
- útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga
- greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar
- greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum

AS Samfélagsgreinar 10. bekkur 2019 - 2025 - Hugarheimur

- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk

AS Samfélagsgreinar 10. bekkur 2019 - 2025 - Félagsheimur

- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks